





*Svenn* 26.10.1989



## Byggingarlýsing

Burðarvirki. Sökklar, plötur og veggir eru staðsteyptir, en þak úr timbri. Sperrur eru úr flokkuðu timbri og klæðningi úr  $25 \times 150$  mm borðum. Ofan á borðaklæðningu kemur tjörupappi og síðan bárujám ( alusínk ). Útveggir eru múrhúðaðir að utan og málaðir í ljósum lit. Gluggar eru smiðaðir úr sérvallinni furu en opnanleg fög og hurðir eru úr oregonpine með ljósi viðarvörn. Vandaðar ryðfrírar lamir, stormjárn, skrár og þéttlista skal setja í alla opnanlega glugga og hurðir. Einangrun undir botnplötu er  $75$  mm plast, útveggir eru einangraðir að innan með  $100$  mm plasti og þak er einangrað með  $200$  mm steinull upp á milli sperra. Ofan á steinull skal setja vindpappa. Loftbil ofan við steinull þar sem einangrað er upp á milli sperra má hvergi vera minna en  $25$  mm. Rör skal setja efst í útveggi til loftunar og ganga þannig frá þeim að ekki skafi inn um þau. Sjá nánar á sérteikningu. Loftun á þaki ofan við einangrun má hvergi vera minni en sem nemur  $500$  mm $^2$  á hvern m $^2$  þaks. Gler í gluggum er tvöfalt K-gler. Hitatap húss og byggingarhluta má ekki fara yfir viðmiðunarmörk í reglugerð. Grunnlagnir eru undir botnplötu úr pvc. Lagnir eru huldar bæði í útveggjum og innveggjum ýmist inn í einangrun eða í lagnaraufum. Húsið er hitað er upp með ofnum. Húsið er loftað með opnanlegum gluggum. Að innan eru útveggir og gólf múrhúðuð. Í loft skal setja rakavarnarlar, lista  $22 \times 70$  mm og klæðningu í fl. 1.



HOLTSGATA 11.		BÍLSKÚR
M. 1:100, 1:500	ÚTLIT,	AFSTÖÐUMYND
NR. 2.		
DAGS. 15/10/95		
<i>Stjórnunum</i>		
Kt. 060650-3229	STEINGRÍMUR HAUSSON HLÍÐARHJALLA 23. F.T.F.I	